



Ræða
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
í hátíðarkvöldverði til heiðurs
forseta Indlands
Ram Nath Kovind
og frú Savita Kovind
Bessastöðum
10. september 2019

Virðulegi forseti, Ram Nath Kovind,
frú Savita Kovind,
forseti Alþingis, ráðherrar,
heiðruðu gestir, kæru vinir

Fyrir hönd okkar Elizu og landsmanna býð ég ykkur hjartanlega velkomin til Íslands, ágætu forsetahjón. Ég vona að þið munið njóta dvalar ykkar hér, snúa heim með ljúfar minningar. Þar að auki fagna ég því að heimsókn ykkar hefur þegar eflt enn frekar hið trausta samband ríkja okkar. Þá ber helst að nefna þann samning og viljayfirlýsingarnar tvær sem undirritaðar voru hér á Bessastöðum. Og fyrirlestri þínum við Háskóla Íslands, ágæti forseti, var vel tekið. Við fögnum því hér á Íslandi að góðir gestir leggi áherslu á samstarf um græna framtíð jarðar og mannkyns. Við höfum ekki val um annað þegar vel er að gáð.

Ágæti forseti og forsetafrú! Við megum vera bjartsýn, trú á mátt okkar til að bregðast við, læra mikið og breyta rétt. Þá getum við látið vísindin vinna í okkar þágu, vonandi í þágu alls samfélagsins. Hér á Íslandi var fylgst með nýlegri tunglferð ykkar Indverja, tilraun sem er til merkis um metnað ykkar og áherslu á aukna þekkingu í víðasta skilningi. Þekking er forsenda framfara, forsenda betra lífs fyrir mannkyn allt.

Leyfið mér að nefna hér gamla sögu, sögu sem tengir saman löndin okkar tvö. Fyrsti Íslendingurinn, sem ferðaðist til Indlands svo vitað sé, var Jón nokkur Ólafsson, fæddur undir lok sextánda aldar. Hann þráði ævintýri og hélt út í heim. Leið hans lá fyrst til Kaupmannahafnar í Danmörku, höfuðstaðar Íslands

um þær mundir. Í sjálfsævisögu sinni segir Jón frá því að hann hélt inn á vertshús þar. Er þá ekki heimamaður að lýsa með miklum ýkjum furðulegu og framandi fólki, þar á meðal þeim auma þjóðflokki sem Ísland byggir. Að því kom að okkar manni var nóg boðið – hann gekk að hinum sjálfumglaða gasprara og sagði með festu: „Vinur, ég heyri þú ert víða um lönd kunnugur og kannst dáfallega frá mörgu að skýra, og hvað mig ei síst undrar, að þú um Íslands háttalag ert vís orðinn, eður hefir þú siglt þangað?“

Fordómar og fáfræði hafa lengi verið til ama. Nei, karl kvaðst aldrei til Íslands hafa komið og aldrei vilja. Beið þá ekki Jón boðanna eins og hann sagði sjálfur frá: „Í því bili lét ég honum tvær gildar eyrnafíkjur ríða.“ Uppi varð fótur og fit, sperrirófan hrökklaðist á brott en húsráðandi hrósaði Jóni fyrir hugrekki hans „og kvað mig lofs verðan, að ég svo við hann hefði undirtekið og útreitt, af vandlæting vegna míns föðurlands.“

Ofbeldi skal aldrei lofað, þjóðremba ekki heldur. „Ranghverfð og öfugsnúin ættjarðarást hefur oft verið höfð við undirgosið, þegar blásið var að glóðum ófriðar,“ sagði Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands á seinni hluta síðustu aldar. Á hinn bóginn er heilbrigð þjóðrækni vissulega lofsverð. Við megum hampa ættjarðarást sem felur í sér umburðarlyndi og virðingu fyrir ólíkum siðum og þjóðum um leið og vörður er staðinn um mannréttindi allra, nær og fjær, jafnrétti kynjanna, frelsi fólks og reisu.

Jón Ólafsson komst til Indlands og hafði frá mörgu að segja um þessar fjarlægu slóðir, þetta mikla land þar sem fyrirfundust „miklar perlur, gimsteinar, dýrleg aldini og kryddi, og önnur dýrleg og kostuleg vara“. – En matseld var öðruvísi en íslenski bóndasonurinn átti að venjast: „Oftast hafa Indíanar soðmat veglega kryddaðan með safranuðu soði, allíð ferskan og í oleo [olíu] uppsteiktan.“

Ágæti forseti! Saga Indlands er saga merks ríkis með merka fortíð. Indverjar eru núna mikils megandi á alþjóðavettvangi og miklar áskoranir bíða heima fyrir hvern dag. Því er auk þess spáð að innan áratugar verði Indland fjölmennasta ríki veraldar. Við þjóðum velkominn forseta þessa vaxandi stórveldis sem við viljum svo gjarnan skipta við. Og þótt höfin skilji okkur að nú eins og þegar Jón Indíafari hélt í sína reisu, þótt við séum með fámennari ríkjum heims hér á Íslandi og þótt margt annað skilji okkur að þá deilum við sameiginlegum hagsmunum og framtíðarvanda. Við verðum að vinna saman gegn loftslagsvá. Við deilum vonum um frið og réttlæti. Við leggjum traust okkar á vilja og þekkingu mannkyns.

Ágætu gestir: Ég bið ykkur að lyfta glösum til heiðurs forseta Indlands, Ram Nath Kovind, og frú Savita Kovind, og til heilla vináttu ríkja okkar.